

Nr. 084 / 14 Selfoss***Skipverji slasast við fall úr stiga***

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNSA



Selfoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. júlí 2014 var Selfoss á siglingu í norður Atlantshafi. Veður: ASA 7 m/sek.

Skipverji var við aflestur frystigáma í lest númer 5. Hann var kominn niður á næst neðsta pall í lestinni og þegar hann sneri sér á pallinum til að fara í næsta stiga féll hann fram af pallinum niður á lestargólfið.

Slasaði komst upp á A-þilfar og kallaði eftir hjálp.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagði að nokkuð af köngurlóavefjum séu í lestunum sem væru hvítleiðir og truflandi ef þeir leggjast um höfuð manna. Hann sagðist ekki gera sér grein hvað hafi ollið því að hann steig fram af pallinum en hann gæti hafa verið að slá til vefja. Hann sagðist lítið hafa gert sér grein fyrir hvað hefði gerst þegar hann raknaði úr rotinu nema að hann hélt ennþá á segulbandi sem hann notaði við aflesturinn;
- að slasaði var með talstöð eins og kveðið er á um í starfslýsingu. Hann sagðist ekki hafa skýringu á því hvers vegna hann notaði hana ekki til að kalla á hjálp þar sem hann lá í gólfinu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.